

Fundargerð

Fundarefni:	Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla nr. 14
Dags.:	22. apríl 2014
Fundarmenn:	Guðni Björnsson, Sigurður Grétarsson, Karl Einarsson Hörður Sigurðsson, Hólmfríður Einarsdóttir og Berglind Svavarsdóttir
Fjarverandi:	Íris Lena Leósdóttir
Ritað af:	Berglind Svavarsdóttir

1. Fundur settur.

Guðni setti fundinn kl. 19.15

2. Fundargerðir.

Síðasta fundargerð lögð fram og samþykkt.

3. Páskabingó

Hörður skýrði frá að páskabingóið hafi gengið mjög vel, mæting hafi verið góð og 10. bekkur hafi notið góðs af fjáröflun þessarar samkundu. Mikil umræða um undirbúning og framkvæmd sem lenti alfarið á einstökum stjórnarmönnum, þar sem páskabingósnefndin reyndist ekki starfhæf. Ljóst er að páskabingóið er frábær fjáröflunarleið fyrir bekkina en framvegis þurfa fulltrúar þeirra bekkja að taka meiri þátt í undirbúningi og framkvæmd bingósins og fundarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að fá öflugt fólk í páskabingósnefndina. Herði var falið að skila skýrslu um undirbúning og framkvæmd bingósins.

4. Skóladagatal 2014-2015.

Nánari yfirferð yfir skóladagatalið. Tillaga formanns er að 9. sept. verði frátekinn fyrir fulltrúaráðsfund og 29. nóvember fyrir Desemberfjör. Þá leggur formaðurinn til að seinni fulltrúaráðsfundurinn verði haldinn 20. janúar 2015 og vorhátíðin 8. júní. Fundarmenn samþykkja þessa tillögu og formaður mun sjá um að panta húsnæði reynist þess þörf.

5. Skólaráð – fréttir.

Hólmfríður skýrði frá helstu niðurstöðum síðustu funda skólaráðs. Ákveðið hefur verið að fresta stefnumótunardegi til 14. maí n.k. og halda fundinn frá kl. 17.00 til 20.00. Þá skýrði hún frá því að búið að ráða nýjan forstöðumann í Dægradvölinu og starfsemin öll væri orðin mun skipulegri. Formaður beindi þeim tilmælum til skólaráðs að setja fundargerðir þess jafnóðum inn á netið.

6. Alþjóðadagur – Vormarkaður.

Ljóst er að alþjóðadeginum verður enn og aftur frestað en illa hefur gengið að skipuleggja og fá fólk til starfans. Fundarmenn lýstu yfir vonbrigðum með það og telja slíkan alþjóðadag verðugt verkefni fyrir skólasamfélagið allt. Eftir sem áður er stefnt að því að hafa vormarkað og kanna hvort sömu aðilar og sáu um haustmarkaðinn séu tilbúnir að starta slíkum vormarkaði.

7. Aðalfundur 2014.

Ákveðið að hafa aðalfund þriðjudaginn 6. maí n.k. ef salurinn er laus annars fimmtudaginn 8. maí. Rætt um mönnun stjórnar en fyrir liggur að Berglind og Hörður ganga úr stjórninni auk Lárusar Axels sem sagði sig úr stjórninni s.l. haust. Boða þarf aðalfundinn með viku fyrirvara.

8. Önnur mál.

- Formaður upplýsir að Samkóp standi fyrir opnum stjórn mála fundi um skólamála í Kópavogi 29. apríl n.k. í Hörðuvallaskóla.
- Vorhátíð Álfhólsskóla verður haldin í byrjun júní.
- Stefnt að einum fundi fyrir aðalfund. Formaðurinn mun boða til þess fundar.

9. Fundi slitið

Guðni sleit fundi kl. 20.30